10 29. febr. um frá 20. desbr. 1890, að því er snertir viðurværi á skipum, sem ganga til þorskveiða við strendur landsins.

Reykjavík, 29. febrúar 1896. Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

11 3. jan. **Brjef landshöfðingja** *til beggja amtmanna* **um gjöf frá C. V. R. Lotz til ýmsra styrktarsjóða á Íslandi.** (Ágrip). Með brjefum þessum var amtmönnum skýrt frá, að greiddar hefðu verið í aðal-fjehirzlu 20,000 krónur, sem C. V. R. Lotz, skrifari í Kaupmannahöfn, með arfleiðsluskrá, dags. 4. nóv. 1889, hefði ánafnað eptirnefndum 4 sjóðum á Íslandi, sem hafa það verksvið að styrkja ekkjur og börn drukknaðra sjómanna:

1. Fiskimannasjóði Kjalarnesþinga 5000 kr.
2. Styrktarsjóði handa ekkjum og börnum Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukkna, 5000 kr.
3. Styrktarsjóði handa ekkjum sjódrukknaðra manna og börnum þeirra í Fljótum og Siglufirði 5000 krónur.
4. Styrktarsjóði handa ekkjum sjódrukknaðra manna í Grýtubakkahreppi 5000 krónur.

Var amtmönnum tilkynnt, að stjórnarnefndum tjeðra sjóða mundu verða útborgaðar hinar ánöfnuðu upphæðir úr jarðabókarsjóði, þegar þær ljeti vitja þeirra, og færðu nægilegar sönnur á heimild sína. Þó var útborgunin til hins síðast nefnda sjóðs bundin því skilyrði, að skýrslur væri sendar um fjárhag sjóðsins og konungleg staðfesting fengin á skipulagsskrá hans.

Ákvörðunin í arfleiðsluskrá C. V. R. Lotz er svo hljóðandi:

Jeg undirskrifaður C. V. R. Lotz ákveð hjer með það er hjer á eptir fer, sem minn síðasta vilja:

. . . . . .

. . . . . .

§ 7.

Til þess að styrkja ekkjur og börn drukknaðra fiskimanna á Íslandi skal verja 20,000 króna upphæð, sem greiða skal eptirnefndum 4 styrktarsjóðum, sem til eru á Íslandi, hverjum 5000 krónur.

Styrktarsjóðirnir eru þessir:

a. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknaðra manna í Kjalarnesþingum, formaður bæjarfógeti H. Daníelsson.
b. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn sjódrukknaðra manna í Ísafjarðarsýslu, formaður bæjarfógeti Sk. Thoroddsen.
c. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknaðra manna við Eyjafjörð, formaður fyrv. alþingismaður Einar Ásmundsson.
d. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknaðra manna í Fljótum og Siglufirði, formaður fyrv. alþingismaður Einar Ásmundsson.

. . . . . .

. . . . . .

Kaupmannahöfn 4. nóv. 1889.

C. V. R. Lotz.